

Veitur ohf
Bæjarhálsi 1
110 Reykjavík

Reykjavík, 4. nóvember 2019
UST201910-206/H.H.
09.07.01

Efni: Umsókn um leyfi til framkvæmda - Hvanneyri - endurnýjun hitaveitu og kaldavatnslagna

Umhverfisstofnun hefur móttækið umsókn Veitna ohf, dagsett 18. október 2019, um leyfi til endurnýjunar hitaveitu- og kaldvatnslagna innan verndarsvæðis Andarkíls.

Andakíll er friðlýst sem búsvæði fugla sbr. auglýsingu nr. 338/2011. Leyfi Umhverfisstofnunar og Borgarbyggðar þarf til framkvæmda á hinu friðlýsta svæði þar sem hætta er á að spillt verði friðlýstum náttúruminum, sbr. 38. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999. Allar framkvæmdir sem heimilaðar verða skv. 11. gr. þessarar auglýsingar skulu miða við að halda markmiðum friðlýsingarinnar. Andakíll er eitt af sex Ramsarsvæðum á Íslandi. Markmið Ramsarsvæða er að stuðla að verndnum og skynsamlegri nýtinu votlendissvæða sérstaklega sem lífsviðurværi fyrir fugla.

Lýsing verkefnis:

Endurnýja á hitaveitu- og kaldvatnslagnir við Hvanneyri. Verkið verður boðið út og má gera ráð fyrir 2 til 8 starfsmönnum við verkið á framkvæmdartíma. Staðsetning vinnuáðstöðu verður ákveðin í samráði við verktaka eftir útboð. Gröfur verða notaðar til að grafa skurði og til að setja rörin ofaní skurðina. Vöruflutningatæki koma til með að flytja rörin á staðinn og flytja jarðefni. Lagnirnar verða grafnar í flóa/tún. Núverandi asbest hitaveituaðveituæð sem liggur að Hvanneyri verður fjarlægð. Samið hefur verið um leið lagnanna við landeigendur. Tímabundið rask mun verða meðan framkvæmdir standa yfir. Gengið verður frá landi og reynt að skila því sambærilegu ástandi eftir að framkvæmdum verður lokið. Verktími er áætlaður 2020-21.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur að framkvæmdin hafi óveruleg áhrif á gildi svæðisins, enda unnið á áður röskuðu svæði. Ekki er talið að framkvæmdin valdi skaða á gildi/verðmæti svæðisins, svo lengi sem hún fer fram utan fartíma þeirra farfugla sem heimsækja svæðið. Framkvæmdatími hefur mikil áhrif, svæðið er viðkvæmt snemma vors og á haustin. Andakíll er mikilvægt búsvæði fyrir blesgæsastofninn. Fáir gestir eru á framkvæmdarsvæðinu en búseta er í grennd.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Veitum ohf, fyrir sitt leyti leyfi fyrir endurnýjun á lögnum innan verndarsvæði Andarkíl sbr. lýsingu hér að ofan árið 2020-21 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Einungis skal aka tækjum utan vegar innan skilgreinds framkvæmdarsvæðis.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdarsvæðis skal haldið í lágmarki.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Þess skal gætt við akstur utan vega að að hann fari fram á tímum þar sem hann veldur sem minnstu raski á jarðvegi og gróðri.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlæggt.
- Halda skal truflun í lágmarki eins og hægt er á varptíma 20. apríl – 20. júlí.
- **Framkvæmdir skulu ekki fara fram á þeim tíma sem viðkoma farfugla er á svæðinu frá 27. mars til 3 maí og á haustin frá 15. september til 27. október.**

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.


Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir er kr. 39.400.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt



Sigrún Agústs dóttir
Settur forstjóri



Jón Björnsson
sérfræðingur